

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2040

Skotæfingasvæði á Álfsnesi

Skilgreining íþróttasvæðis (ÍÞ)

Tímabundin ákvæði um rekstur skotæfingasvæða

Aðalskipulagsbreyting

Samþykkt sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagsvið

Mái 2023

1. Inngangur.....	3
2. Helstu forsendur	4
3. Markmið og tilgangur	7
4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar	8
5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar.....	13
7. Samráð og kynningar	16
8. Umsagnar- og hagaðilar.....	17
9. Viðaukar.....	18

1. Inngangur

Með þessari tillögu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040) sem varða núverandi skotæfingasvæði á Álfsnesi. Þær lúta að því að skapa skilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) til skemmri tíma litið, meðan fundinn er framtíðar staðsetning fyrir félögin.¹ Ljóst má vera að það mun taka nokkurn tíma að klára endanlegt staðarval, undirbúa nýtt svæði, semja við landeigendur, vinna skipulag og umhverfismat og hanna og undirbúa framkvæmdir. Því er mikilvægt að skapa skilyrði í AR2040, þannig að mögulegt verði að gefa út starfsleyfi til félaganna til skemmri tíma litið. Í tillögum að breytingum er skerpt verulega á forsendum AR2040, um mögulega endurnýjun starfsleyfa skotfélaganna, og er það gert í ljósi þeirra úrskurða sem hafa fallið í málinu hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nýlega. Í samráði við Skipulagsstofnun, er lagt til að núverandi skotæfingasvæði verði skilgreint sem íþróttasvæði á sveitarfélagsupprætti, sbr. skipulagsreglugerð. Í skilgreiningu svæðanna í greinargerð verði hinsvegar settir skýrir fyrirvarar um tímalengd starfsleyfa og ákvæði um endurskoðun viðkomandi stefnu um landnotkun (sjá kafla 4). Lagt er til að tímamörk endurnýjunar starfsleyfa miðist við, allt að til ársloka 2028 og stefna um landnotkun á svæðinu verði tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára.² Þar sem breytingartillaga leiðir til tímabundinnar skerðingar á framtíðar iðnaðarsvæði, er gerð grein fyrir áhrifum þess í kafla 5 um umhverfisáhrif.

Verklýsing, ásamt frumdrögum tillögu, var auglýst og send á tilgreinda umsagnar- og hagaðila vorið 2023 og drög að tillögu voru kynnt í skipulagsgáttinni haustið 2023. Vegna fjölmargra athugasemda umsagnar- og hagsmunaaðila, sem bárust á vinnslustigi tillögunnar, var bætt verulega í umfjöllun um umhverfisáhrif og settir fram bindandi skipulagsskilmálar um mögulegar mótvægisáðgerðir í endanlega tillögu. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillöguna, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst í skipulagsgáttinni (sjá skipulagsgatt.is), samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum og stóð yfir frá 22. febrúar 2024 og til 18. apríl. Haldinn var fjölsóttur íbúafundur í Klébergsskóla um auglýsta tillögu þann 10. apríl sl. Alls bárust 43 athugasemdir við auglýsta tillögu og má finna framkomnar athugasemdir í Viðauka, ásamt umsögn um þær. **Aðalskipulagsbreytingin er nú lögð fram til staðfestingar að lokinni auglýsingu, endurbætt sbr. umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dagsett 5. maí 2024 og uppfærð sbr. afgreiðsla Skipulagsstofnunar 8. júlí, 2024 (sjá Viðauki).**

Í greinargerðinni er gerð grein fyrir forsendum tillögugerðar og breytingartillögum, ásamt umfjöllun um helstu umhverfisáhrif skotæfingasvæðanna (sjá kafla 5) en umrædd starfsemi fellur þó ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat áætlna og framkvæmda. Einnig er gerð grein fyrir kynningar- og samráðsferlinu.

¹ Í byrjun síðasta árs var skipaður starfshópur sem ætlað var að kanna framtíðarvalkosti fyrir „miðstöð skotiþróttar“ á höfuðborgarsvæðinu. Sú athugun var m.a. unnin í samráði við einstök skotiþróttafélög, félagasamtök skotveiðimanna, Skotiþróttasamband Íslands og aðra fulltrúa ríkisins og nágrennasveitarfélögin. Starfshópurinn hefur skilað af sér áfangaskýrslu með mögulegum valkostum og lagt hefur verið til að nýr starfshópur verði settur á stofn á vegum SSH og frekari athuganir verði unnar í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrennasveitarfélögunum. Sjá samþykkt borgarstjórnar 17. október, 2023. Þar segir í framlögðu skjali: „Að fullreynt verði með nýjum starfshópi að finna framtíðarstaðsetningu „íþróttamiðstöðvar skotiþróttar“. Byggt yrði á fyrirliggjandi kostamati og staðarvalskostum sem taldir eru koma til greina sbr. skýrsla EFLU. Til hans verði stofnað á vettvangi SSH í samráði við nágrennasveitarfélög (Voga, Ölfushrepp) og skotiþróttasamband Íslands. Sá starfshópur skili niðurstöðu innan 1-2 ára.“

² Endurskoðun landnotkunar taki mið af niðurstöðum úr staðarvali nýs skotæfingasvæðis og horfi einnig til tímasetninga varðandi framkvæmda við Sundabraut.



Mynd 1. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, sbr. samning frá 2003. Alls er um að ræða 40 ha svæði og hefur Skotfélag Reykjavíkur til umræða um 27 ha (b) og Skotreyrn 13 ha (c). Áætlað er að 6-8 þúsund manns noti skotæfingasvæðin á ári. Á svæðinu fer einnig fram próftaka á vegum Lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH) og hreindýrpróf Umhverfisstofnunar. Svæði merkt a á myndinni var tekið frá til akstursíprótta.

2. Helstu forsendur

Forsaga:

Á utanverðu Álfsnesi eru tvö skotfélög með aðstöðu; Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er íþróttafélag og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna (sjá Mynd 1). Fyrirnefnda félagið er elsta íþróttafélag landsins, stofnað 2. júní 1867 og eru félagsmenn þess um 1.500 en almennir iðkendur mun fleiri. Þegar loka þurfti aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Grafarholti árið 2000, vegna uppbyggingar íbúðarhverfis, var í kjölfarið gerður samningur við félagið um umrætt landsvæði í Álfsnesi.³ Áður höfðu verið kannaðir hátt í 20 aðrir staðarvalkostir. Skipulag svæðisins var teiknað upp árið 2003 og var þá einnig gert ráð fyrir aðstöðu fyrir SKOTREYN á svæðinu. Svæðið var ekki tekið formlega í notkun fyrr en árið 2008. Aðstaða á svæðinu hefur verið byggð upp og kostuð af Reykjavíkurborg og hefur töluverðu verið kostað til vegna landmótunar og annarra mannvirkja.⁴ Segja má að skotsvæðið á Álfsnesi komist næst því að vera þjóðarleikvangur skotiþróttar á Íslandi og var það m.a. notað sem keppnisvöllur á Smáþjóðaleikunum árið 2015. Opnunartími á svæðinu hefur jafnan verið takmarkaður, til að koma til móts við umkvartanir vegna ónæðis, auk þess sem mótahald hefur sætt takmörkunum af sömu ástæðu..

Framtíð skotæfingasvæðanna hefur lengi verið í óvissu. Aðalskipulag Reykjavíkur (AR2024, AR2030, AR2030) hefur ekki gert ráð fyrir tilvist skotvalla til lengri framtíðar lítið, vegna árekstra við framtíðar landnotkun. Skotvellirnir hafa rekast á við framtíðar iðnaðarsvæði (I2) á norðvestanverðu Álfsnesi og framtíðarlegu Sundabrautar. Vegna þessarar framtíðarsýnar í aðalskipulagi hafa ekki verið forsendur til að gera deiliskipulag fyrir æfingasvæðin.


³ Samningur dagsettur 13. nóvember 2003. Með honum fylgdu drög að skipulagi svæðisins, sbr. mynd 1, sem þó voru ekki lögð fram sem deiliskipulag samkvæmt skipulagslögum. Drögin voru þó samþykkt í viðkomandi ráðum borgarinnar.

⁴ Sem dæmi hefur verið fluttur mikill jarðvegur á svæðið, einkum vegna hljóðmana, til að minnka hljóðmengun gagnvart byggð á Kjalarnesi. Byggð hefur verið tengibygging milli félagsheimilanna, byggðir 6 kasturnar undir leirdúfuvélar, ólympískir Skeet-haglabyssuvellir eftir ÓL-reglum og byggð ríffilskýli, auk uppbyggingar annars húsakosts.

Gildandi ákvæði um skotæfingasvæðin í AR2040:

Skotfélag Reykjavíkur (SR) er með aðstöðu á utanverðu nesinu og er starfsemi þess einkum innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2). Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útvistarsvæði með strandlengjunni (OP28). Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis er vestan svæðis SR, í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis, en einkum á veghelgunarsvæði Sundabrautar og útvistarsvæðinu OP28.

Í byrjun árs 2022, við samþykkt AR2040, voru sett inn sérstök ákvæði um skotæfingasvæðin og þeim skeytt við landnotkunarskilgreiningu fyrir umrætt iðnaðarsvæði (I2). Þar er kveðið á um að heimilt sé að stunda skotiþróttir tímabundið innan svæðisins, enda sé sú starfsemi þegar til staðar á svæðinu: „Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.“ (bls. 103)⁵



Mynd 2. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, m.t.t. stefnu AR2040 um framtíðarlandnotkun og legu Sundabrautar. Skotfélag Reykjavíkur (b) er með megin aðstöðu og starfsemi innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2, grátt). SKOTREYN (c) er með aðstöðu í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis en svæði þess er einkum á útvistarsvæði (OP28) og liggur í fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar.

Í AR2040 (kafla 20.4) er einnig að finna almennt ákvæði, grundvallað á grein 6.1 í skipulagsreglugerð, um endurnýjun starfsleyfa á þróunarsvæðum, þar sem óvissa ríkir um framkvæmd og tímasetningu framtíðarlandnotkunar. Það kveður á um að heimilt sé að endurnýja starfsleyfi fyrir rekstur og starfsemi sem er til staðar til skemmri tíma litið, en það sé ávallt háð mati og nánari upplýsingum um

⁵ Viðkomandi landnotkunarákvæði grundvölluðust á grein 6.1. í skipulagsreglugerð, þar sem segir: „Ef nýtt skipulag felur í sér breytingu á stefnu um landnotkun á tilteknum reit skal gerð grein fyrir því hvenær og hvernig breytingin kemur til framkvæmda og hvað gildir fram að því. Þetta getur t.d. átt við um svæði sem skilgreina á sem þróunarsvæði.“ Hér er vísað sérstaklega til þróunarsvæða, sem iðnaðarsvæði I2 er klárlega, þ.e. svæða sem ætlunin er að umbreytist og færast yfir í aðra landnotkun á skipulagstímabili aðalskipulags. Fyrir liggur að ekki kemur til uppbyggingar á umræddu iðnaðarsvæði á næstu árum og líklegt að skipulagning þess verði skoðuð í samhengi við framvindu Sundabrautarframkvæmdar.

tímasetningu og framvindu uppbyggingar skv. framtíðar landnotkun. Umrætt ákvæði, sbr. einnig sér skilgreining 12, var hugsað til að skerpa á réttarstöðu þeirra fyrirtækja og rekstraraðila og annarra leyfishafa, sem búa við slíka óvissu.⁶ Í umræddu ákvæði segir „að almennt verði mögulegt að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila til skemmri tíma, enda gildistími starfsleyfis vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágreppi við viðkomandi rekstraraðila.“ (bls. 133)

Vegna úrskurðar ÚUA um starfsleyfi SKOTREYNAR og SR er ljóst að þessar forsendur halda ekki einar. Á grundvelli þessa eru nú lagðar til breytingar á aðalskipulaginu sem skerpa frekar á stefnu um landnotkun skotæfingasvæðanna.

⁶ Aðalskipulag er jafnan stefnumarkandi um framtíðar landnotkun til langrar framtíðar á mörgum þróunarsvæðum, sem bíður frekari útfærslu með gerð deiliskipulag þegar komið er að uppbyggingu viðkomandi svæðis, e.t.v. 5, 10 eða jafnvel 15 árum eftir staðfestingu skipulagsins. Í ljósi þessa er mikilvægt og eðlilegt að gera grein fyrir réttarstöðu þeirrar byggðar og starfsemi sem er til staðar á viðkomandi þróunarsvæðum, en á að vika er fram líða stundir vegna stefnu aðalskipulags um framtíðar landnotkun. Það er, brýnt er að upplýsa eins og kostur hvenær rekstraraðilar, lóðarhafar og fasteignaeigendur megi vænta þeirra breytinga sem boðaðar eru.

3. Markmið og tilgangur

Megin markmið tillögugerðar:


- Að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþrótta á höfuðborgarsvæðinu.
- Að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfsemi (skotæfingasvæði) á Álfsnesi.
- Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar


Í samræmi við ofangreint er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á aðalskipulaginu:

Sveitarfélagsuppdráttur (1:50.000):

Fyrir breytingu (gildandi skipulag):



Eftir breytingu (tillaga):



Skilgreint verður íþróttasvæði (Íþ9) á Álfnesi, alls um 33 ha að stærð og miðast afmörkun þess við núverandi starfsemi skotfélaganna. Iðnaðarsvæði Í2 skerðist vegna þessa um 13,5 ha og útivistarsvæði OP28 minnkar um tæplega 20 ha, sbr. landfræðileg afmörkun á skipulagsupprætti. Lega stíga breytist einnig til samræmis við breytta afmörkun landnotkunar, en stígar verða til frekari skoðunar í tengslum við skipulag Sundabrautar sem nú er í undirbúningi.

Sjá skýringar við sveitarfélagsupprætt í *Viðauka*.

Greinargerð AR2040:

Í kafla 10. *Opin svæði til sérstakra nota*, verður eftirfarandi bætt við lista yfir íþróttasvæði (Íþ), (bls. 105):

*„Íþ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu *allt að* til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisáðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:*

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreynar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með siritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.
- 7) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin
- 10) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.

Eftirfarandi breyting er gerð á skilgreiningu *Iðnaðarsvæðis (I2)*, *Álfsnes-Kollafjörður* (kafla 8.2, bls. 103, sjá feitletrun):

Fyrir breytingu:


8.2. I2. *Álfsnes-Kollafjörður*. Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.

Eftir breytingu:

8.2. I2. *Álfsnes*. Einkum gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Stefna um afmörkun og stærð iðnaðarsvæðis verður tekin til endurskoðunar í ljósi niðurstaðna um staðarval framtíðar skotæfingasvæðis og væntanlegra breytinga á starfsemi skotfélaganna.

Vegna skerðingar iðnaðarsvæðis I2, er tafla 7.1. bls. 102 uppfærð:

<u>Fyrir breytingu:</u>			
	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn (m ²)	Áætluð aukning (m ²)
Álfsnes-Kollafjörður (I2)	26,9	0*	50.000
* Var ranglega skráð sem 50.000 m ²			
<u>Eftir breytingu:</u>			
	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn (m ²)	Áætluð aukning (m ²)
Álfsnes (I2)	13,3	0	25.000



Í samræmi við breytta landnotkun á sveitarfélagsupprætti er gerð ofangreind breyting á mynd 10 bls. 102.

5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar

Umhverfisáhrif skotæfingasvæðis:

Skotíþróttavellir eða skotæfingasvæði eru ekki tilgreind sérstaklega í Viðauka 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Eftir sem áður er eðlilegt að gera grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu. Þar sem skotæfingasvæðin í Álfsnesi hafa verið starfrækt um langt skeið liggur fyrir vitneskja um helstu umhverfisáhrif á nærliggjandi svæði, sbr. umkvartanir íbúa og athuganir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (sjá til dæmis *Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020*, sjá viðauka). Við útgáfu starfsleyfa hafa verið sett fram ýmis skilyrði og tillögur um aðgerðir til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif (sjá *Viðauka*). Fyrirhuguð breyting, sem felur það í sér að núverandi og óbreytt starfsemi verði áfram á svæðinu til skemmri tíma, mun ekki leiða til nýrra eða aukinna umhverfisáhrifa. Markmiðið er að leita leiða til að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum frá skotvöllum og skerpa á því við útgáfu starfsleyfa. Neðangreind umfjöllun byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem þegar liggja fyrir um líkleg umhverfisáhrif.

Skotvöllir eru í eðli sínu starfsemi sem hefur neikvæð umhverfisáhrif og er skilgreind sem mengandi starfsemi skv. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisáhrif skotvalla eru einkum af tvennum toga, ónæði vegna hávaða og möguleg mengun af völdum hagla og skota.

Hávaði: Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Hávaðinn ræðst af gerð byssu og skota og náttúrulegum aðstæðum t.d. hvort landslag getur skýlt fyrir áhrifum og hvort bergmál getur orðið. Til að draga almennt úr áhrifum af völdum hávaða má beita ýmsum ráðum s.s. að gera hljóðveggi- eða -manir nota hljóðísogandi efni í starfsemi eða takmarka opnunartíma hávaðavaldandi starfsemi. Aðgerðir sem mælt hefur verið fyrir um í starfsleyfi til að takmarka hávaða frá starfsemi skotvalla eru m.a. takmarkanir á opnunartíma og notkun hljóðdeyfa við riffilskotfimi. Klæða ætti skothús fyrir riffilskotfimi með hljóðeinangrandi eða -ísogandi efnum. Á velli Skotreynar ætti að snúa skotstefnu til NA gefi niðurstöður hljóðmælinga tilefni til en vísbendingar eru um að það geti minnkað hávaðaálag frá starfseminni. Frekari hljóðvarnir koma til greina en ekki er grundvöllur til að útfæra þær nánar í þessari tillögu, tekið verður á slíku við gerð starfsleyfis að fengnum gögnum og mælingum sem styðja við útfærslu og notkun þeirra.

Mengun: Skotum og höglum fylgir mengun. Helst er hún út frá málmum og efnasamböndum í skotunum og höglum, einkum meðan blý var algengt. Á starfstíma skotvallanna hafa verið notuð haglaskot með blýhöglum sem dreifast í ákveðinn skotgeira út frá byssunni. Samkvæmt upplýsingum frá skotfélögunum hefur dregið úr notkun skota með blýhöglum en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það. Notkun blýhagla var bönnuð frá og með starfsleyfum gefnum út árin 2021 og ekkert bendir til þess að notkun þeirra verði leyfð á ný. Riffilskot fara í jarðvegsbana að baki skotmarki og sitja þar og er hægt að hreinsa þau úr bananum þegar og ef ástæða þykir til. Högl frá haglaskotum dreifast í ákveðinn geira út frá byssunni við hvert skot, háð veðri og vindum. Þessi dreifing nær alveg út að strandlengjunni og út í sjó og veldur því mengun í jarðvegi, á ströndu og í sjó. Mengunin getur einnig hafa borist lífríki t.d. smádyr og hryggleysingja og fugla sem nýta þá sem fæðu, en ekki hafa verið gerðar rannsóknir á því. Æskilegt væri að á skotvöllum sjálfum væri efni sem bindur mengunin og auðvelt væri að

hreinsa svo unnt væri að fjarlægja mengunina. Eins væri æskilegt að hreinsa högl af landi, úr fjöru og sjó ef til þess væru tækifæri og aðstæður.

Varðandi áhrif starfseminnar á vatnshlot (strandsjavarhlotið Straumsvík-Kjalanes, nr. 104-1391- C, „að lágmarki í góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegi ástandi“ og grunnvatnshlotið Leirvogsa, nr. 104-289-G, „magnstaða þess skal vera góð sem og efnafræðilegt ástand þess“), þá eru þau ekki vel kunn. Það er því mikilvægt að þau verði metin og könnuð, eins og kostur er, áður en ný starfsleyfi verða gefin út og starfsemi skotvallanna hefst að nýju.

Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum skotæfingasvæðis:

Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, framkominna umsagna opinberra aðila og hagsmunaaðila og eldri starfsleyfa, er lagt til að hugað verði að eftirfarandi mótvægisáðgerðum:

Hljóðvist:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og miðast að jafnaði við 5 daga í viku. Nánar verði kveðið á um tímalengd og takmarkanir í starfsleyfum.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða, t.d. með notkun hljóðísogsefna, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús. Rekstraraðili skal hafa samráð við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) um útfærslu hljóðvarna
- 3) Ávallt skal nota hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Skotstefna hefur áhrif á dreifingu hljóðs í umhverfinu. Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreynar ætti að snúa skotstefnu til NA gefi niðurstöður hljóðmælinga tilefni til en vísbendingar eru um að það geti minnkað hávaðaálag frá starfseminni.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun. HER getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni.

Mengun:

- 1) Notkun blýhagla er óheimil.
- 2) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 3) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 4) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin

- 5) HER getur fyrirskipað rekstraraðila að framkvæma mælingar á mengun af völdum þungmálma frá haglaskotum, innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi HER mælingar skal rekstraraðili hafa samráð við HER um tilhögun og framkvæmd mælinga. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antímon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til HER strax og þær liggja fyrir. HER metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá ákvæðum reglugerð um mengaðan jarðveg.
- 6) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.
- 7) Mikilvægt er að meta og gera grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatnshlot, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari könnun á ástandi viðkomandi vatnshlota og rannsóknir á mögulegum áhrifum blýmengunar á vistkerfi, lífríki og fuglalíf í nágrenni skotsvæðanna, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, mætti skoða þann möguleika að huga að þeim í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Ofangreindar aðgerðir verði eftir atvikum hluti bindandi skipulagsákvæða um skilgreiningu íþróttasvæðis og útfærðar nánar og þrengdar, eftir því sem við á, við útgáfu starfsleyfa.

Áhrif breyttrar landnotkunar á iðnaðarsvæði (I2) og Sundabraut:

Breytingartillaga hefur í för með sér að framtíðariðnaðarsvæði I2 á Álfsnesi skerðist um u.þ.b. 13 ha og verður eftir breytingu um 13,3 ha. Í ljósi þess að um framtíðar iðnaðarsvæði er að ræða og settir eru skýrir fyrirvarar um að stefna um íþróttasvæði skotíþróttar verði tekin til endurskoðunar á ný innan ákveðins tíma, þá mun breyting ekki hafa verulega áhrif á stefnu um uppbyggingu og þróun iðnaðarsvæða. Í þessu samhengi er rétt að benda á að nýtt iðnaðarsvæði var skilgreint í Álfsnesvík, um 11 ha, fyrir nokkrum árum, sem var viðbót við áður skilgreind iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu. Þá var einnig aukið við heimildir um iðnaðarstarfsemi á Esjumelum með sérstakri aðalskipulagsbreytingu. Ennfremur er ljóst að endurmeta þarf landþörf iðnaðar til lengri tíma á næstu misserum, m.a. í ljósi flutningi steypustöðvanna úr Ártúnshöfða og verður það gert áður en stefna um íþróttasvæðið verður tekin til endurskoðunar á ný. Áhrif breytingartillögu á iðnaðarsvæði og landþörf iðnaðar og landfrekrar atvinnustarfsemi eru talin óverulega, í það minnsta til skemmra tíma lítið.



7. Samráð og kynningar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu skrefum við mótun tillögu, en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum.

Áformuð tillögugerð var kynnt með verklýsingu (sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga), ásamt frumdrögum að tillögu. Skjalið var auglýst í fjölmiðlum vorið 2023, sent til skilgreindra hag- og umsagnaraðila og gert aðgengilegt á vef borginnar. Gefinn var ákveðinn frestur til að koma með ábendingar og athugasemdir. Haldnir hafa verið fundir með hagsmuna- og umsagnaraðilum sem þess óskuðu og málið kynnt í íbúaráði Kjalarness. Lögformleg tillaga eru nú tilbúin til auglýsingar í 6 vikur.

Drög að tillögu (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) var kynnt í október og nóvember. Alls bárust 19 umsagnir og athugasemdir, þar af 8 frá lögboðnum umsagnaraðilum og 10 frá íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum, auk umsagnar frá íbúaráði Kjalarness. Í athugasemdum íbúa og hagsmunaaðila eru fyrri athugasemdir við endurútgáfu starfsleyfa ítrekaðar, þ.e. um veruleg umhverfisáhrif og ónæði af starfsemi skotvallanna. Sá þáttur sem brennur helst á íbúum og hagsmunaaðilum er hávaðamengun frá starfsemi og hvaða aðferðum eigi að beita við mælingar á henni. Einnig er bent á mögulega blýmengun vegna skotæfingaanna. Fyrir liggur að mikil óánægja er meðal íbúa og fasteignaeigenda í nágrenninu með áframhaldandi starfsemi skotvallanna, þó til skemmra tíma sé, og óttast þeir að með breytingunum sé í raun verið að festa skotæfingasvæðin í sessi til lengri tíma. Vegagerðin gerir einnig athugasemd við forsendur um lengd starfsleyfa og þá sérstaklega fyrir Skotreyrn. Það gerir íbúaráð Kjalarness ennfremur og lýsir einnig yfir óánægju með að forsendur útgáfu starfsleyfa einskorðist ekki við Skotfélag Reykjavíkur, eitt félag. Vegna fjölmargra athugasemda hagsmunaaðila og umsagnaraðila, var bætt í umfjöllun um umhverfisáhrif og sérstaklega hvernig bregðast megi betur við þeim við útgáfu nýrra starfsleyfa, sem giltu þá í lengsta lagi til ársloka 2028.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillöguna samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillagan var kynnt í skipulagsgáttinni (sjá skipulagsgatt.is), samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Auglýsingin stóð yfir frá 22. febrúar 2024 og til 18. apríl sl. en ákveðið var að framlengja frestinn um 2 vikur. Haldinn var fjölsóttur íbúafundur í Klébergsskóla um auglýsta tillögu þann 10. apríl sl. Alls bárust 43 athugasemdir frá hag- og umsagnaraðilum (sjá Viðauka). Vegna þeirra voru gerðar eilítlar breytingar á auglýstri tillögu, sjá nánar umsögn dagsett 3. maí 2024, í Viðauka.

Aðalskipulagsbreytingin var send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar í júní 2024, sbr. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga og lá afgreiðsla stofnunarinnar fyrir í 8. júlí 2024 (sjá Viðauka).

8. Umsagnar- og hagaðilar

Umsagnar- og samráðsaðilar eru a.m.k. eftirtaldir:

Umsagnaraðilar	Hagaðilar
Íbúaráð Kjalarness	Íbúasamtök Kjalarness
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins	Sorpa
Kópavogsbær	Björgun
Garðabær	Veitur
Hafnarfjarðarkaupstaður	Skotfélag Reykjavíkur
Seltjarnarneskaupstaður	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Mosfellsbær	Skotíþróttasamband Íslands
Kjósarhreppur	Skotvís
Bláskógabyggð	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Grímsnes- og Grafningshreppur	Íbúar og landeigendur á áhrifasvæði
Ölfushreppur	skotæfingarsvæðis
Skipulagsstofnun	
Umhverfisstofnun	
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	
Minjastofnun	
Faxaflóahafnir	
Vegagerðin	
Náttúrufræðistofnun Íslands	
Borgarsögusafn	

9. Viðaukar

Skýringar við sveitarfélagsuppdrátt (1:150.000)

Erindisbréf starfshóps borgarstjóra dagsett 13. janúar 2023, „Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu skotíprótta.“

Starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur, ásamt starfsleyfisskilyrðum, dagsett 25. janúar 2023.

Starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, dagsett 26. júlí 2022 (felld úr gildi 30. desember 2022).

Skotípróttasvæði á Álfsnesi, fornleifaskráning, Borgarsögusafn, júní 2023.

Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020.

Framkomnar athugasemdir og umsagnir við auglýsta tillögu, ásamt umsögn og afgreiðslu breytingar.

Bréf Skipulagsstofnunar vegna staðfestingar aðalskipulagsbreytingar, dagsett 8. júlí, 2024.

Skýringar við sveitarfélagsupprátt (1:150.000)

LANDNOTKUN



	Íbúðarbyggð (ÍB)
	Samfélagsþjónusta (S)
	Miðsvæði (M) (sjá kafla 6 og mynd 9)
	Miðborg (M) (sjá kafla 6 og mynd 8)
	Verslun og þjónusta (VP)
	Athafnasvæði (AT) (sjá kafla 7 og mynd 10)
	Iðnaðarsvæði (I) (sjá kafla 8 og mynd 10)
	Hafnir (H) (sjá kafla 9 og mynd 11)
	Innri höfn
	Flugvöllir (FV) (sjá kafla 17.3)
	Veitur og helgunarsvæði (VH)
	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
	Vegir, götur og stígar (VE)
	Opin svæði (OP)
	Íþróttasvæði (ÍÞ)
	Kirkjugarðar og grafreitir (K)
	Óbyggð svæði (ÓB)
	Landbúnaðarsvæði (L)
	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
	Vötn, ár og sjór (V)
	Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)
	Strandsvæði (ST)
	Vatnsból (VB)

¹ Heimilt er að gera ráð fyrir undirgöngum á fleiri stöðum en sýnd eru á upprætti enda er tilgangurinn að auka umferðar-öruggi og/eða greiða fyrir vistvænum samgöngum.

² Staðsetning tákns fyrir stíga á upprætti (punktalína), meðfram stofn- og tengibrautum og öðrum götum er ekki ráðandi um hvoru megin götu stigur liggur. Hjólástigar fylgja almennt stofn- og tengistígum, sbr. skipulagsuppráttur, en heimilt er að leggja sérreinar hjólástiga víðar, sbr. samþykkt Hjólreiðaaætlun.

³ Aðrar götur en stofn- og tengibrautir. Hér undir eru safngötur, húsagötur, vistgötur og göngugötur.

SAMGÖNGUR

	Mislæg gatnamót*
	Akstursbrú/undirgöng
	Göngubrú/undirgöng ¹
	Stofnstígar ²
	Tengistígar ²
	Reiðvegir ⁴
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Aðrir vegir ³
	Jarðgöng/stokkar
	Borgarlína **
	Mörk skipulagssvæðis
	Vaxtarmörk þéttbýlis
	Grænn trefill
	Raflínur

VERNDARSVÆÐI

	Vatnsvernd - brunnsvæði (VB)
	Vatnsvernd - grannsvæði (VG)
	Vatnsvernd - fjarsvæði (VF)
	Friðlýst svæði (FS)
	Önnur náttúruvernd (ÖN)
	Hverfisvernd (HV)
	Minjavernd (MV)

⁴ Heimilt er að leggja reiðstiga á fleiri leiðum en auðkenndar eru sem reiðvegir á upprætti og þá samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.

* Sjá kafla 17.1 í greinargerð.

** Lega Borgarlínu (hágæðakerfi almenningsamgangna), sbr. staðfest breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis 2040, árið 2018 og frumdrög að hönnun fyrstu lotu framkvæmda, sjá Borgarlína - 1. lota, frumdrög og forsendur (febrúar 2021).